

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu á tollum og gjöldum þeim, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta, notarialgerðir, yfirfjárráð svo og önnur málefni, er ákveðin verða í reglugerð.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í happdrætti þessu skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjáris til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 60 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1973“ í 1. mgr. 85. gr. komi: 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag
á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 auru á hvert kg landaðrar loðnu til bræðslu til viðbótar því lág-